



Fundargerð 68. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 19. janúar 2023, kl. 08:30 í bæjarstjórnarsal Grindavíkurbæjar.

Mætt eru: Magnús Stefánsson, Kjartan Már Kjartansson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Gunnar Axel Axelsson og Árni Sigfússon

Forföll: Hanna María Kristjánsdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Sigrún Ásta Elefsen og Jóhann Snorri Sigurbergsson

Starfsmenn: Daníel Einarsson og Þuríður Aradóttir Braun sem ritaði fundargerð

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Stefnumótun Reykjanes Geopark.

Daníel fór yfir verkefnið og stöðu þess. Nokkrar tillögur að ráðgjöfum hafa borist sem farið var yfir og rætt var um næstu skref; þ.e. útboðs- og verðkönnun og eins umræða um undirbúning og skipun verkefnishóp.

Stjórn er sammála um mikilvægi þess að fara í stefnumótun fyrir jarðvanginn þannig að hægt sé að skipuleggja og styrkja stofnunina og stefnu til framtíðar.

Verkefnastjóra falið að óska eftir tilboðum frá þeim aðilum sem hafa komið upp, í samræmi við þær umræður og tillögur sem komu fram á fundinum.

#### 2. Gestastofur Reykjanes Geopark – skipting kostnaðarliða við uppsetningu gestastofa

Jarðvangurinn vinnur að uppsetningu gestastofa í Reykjanesbæ og Grindavík, annars vegar Duushúsum og hins vegar Kvikunni. Þörf er á að greina betur kostnaðarliði við undirbúning og uppsetningu sýninganna, og í framhaldinu hvaða kostnaðarliðir liggja hjá sveitarfélögunum og hvaða liðir tilheyra jarðvanginum. Þá í framhaldinu hvernig rekstri verði hagað.

Fulltrúar Reykjanesbæjar og Grindavíkur fóru yfir stöðu verkefna að hálfu sveitarfélaganna.

Rætt var um mikilvægi þess að skoða þetta einnig út frá jarðvanginum og heildarsýn hans, þar sem gestastofurnar í hverju sveitarfélagi styðji við það.

Umræða var um hvernig verkefninu hefur miðað og næstu skref í verkefnunum.

Verkefnastjóra falið að vinna þetta áfram með fulltrúum sveitarfélaganna.

#### 3. Vettvangs- og kynnisferðir stjórnar Reykjanes Geopark

Verkefnastjóra falið að vinna að dagskrá fyrir vettvangs- og kynnisferðir stjórnar. Einnig samþykkt að næsti stjórnarfundur fara fram í Suðurnesjabæ.

#### 4. Breytingar á skipan stjórnar og samþykktum Reykjanes Geopark

Verkefnastjóra falið að leggja til breytingar á samþykktum Reykjanes Geopark á næstu tveimur stjórnarfundum m.v. 15. gr. samþykktanna.

Umræðu um skipan stjórnar frestað þar til á næsta stjórnarfundum.

#### 5. Sjóvarnir við Kalmanstjörn – ósk um umsögn

Stjórn Reykjanes Geopark álitur framkvæmd v. sjóvarna við Kalmanstjörn hið besta mál.

Verkefnastjóra falið að skrifa umsögn fyrir hönd stjórnar m.v. umfjöllun á stjórnarfundum.



Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:40